



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Kópavogur, 6. nóvember 2018  
1711002 SB

**Efni: Tillaga að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks**

Á fundi stjórnar SSH hinn 5. nóvember var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

**Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk**

*Reynir Kristinnsson ráðgjafi frá NOR ehf. sat fundinn undir þessum dagskrárlið.*

*RK fór yfir niðurstöður úr greiningu NOR ehf. og tillögur um fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna um rekstur ferðaþjónustunnar og leiðir til hagræðingar í rekstri.*

*Í meginatriðum fela tillögur NOR ehf. eftirfarandi í sér:*

- a) Sveitarfélögin reki áfram sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.*
- b) Allur akstur vegna ferðaþjónustunnar verði áfram boðinn út, en með breyttu fyrirkomulagi í ljósi fyrirliggjandi reynslu.*
- c) Kostnaðarskipting sveitarfélaganna taki framvegis mið af fjölda ekinna ferða og tengist breyttu fyrirkomulagi greiðslu til verktaka sbr. b) lið*
- d) Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur ferðaþjónustunnar, en gerðar verði nauðsynlegar breytingar á samstarfssamningi sveitarfélaganna, þjónustulýsingu og sameiginlegum reglum ferðaþjónustunnar, sem og breyting á daglegri stjórn verkefnisins.*

*Umræður*

**Niðurstaða.**

*Stjórn SSH telur að með ofangreindum tillögum séu komnar forsendur fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaganna um framhald máls og samþykkir að tillögur NOR ehf. verði sendar aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu. Vakin er athygli á tímaáætlun vegna nauðsynlegs undirbúnings og útboðs gerir ráð fyrir að afstaða sveitarfélaganna liggi fyrir eigi síðar en um nk. áramót.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreindri samþykkt stjórnar SSH er hér með komið á framfæri og óskað eftir umfjöllun og efnislegrri afgreiðslu borgarráðs /borgarstjórnar eins fljótt og auðið er.

Ef þörf er á frekari upplýsingum um málið er Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. reiðubúinn að mæta á fund hjá ykkur til að upplýsa um það sem þörf er á til að tryggja góða og efnislega umfjöllun og afgreiðslu máls.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson  
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) „Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – Niðurstöður greiningar og tillögur um fyrirkomulag sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu“
- b) Ferðaþjónusta – kynning 6. nóvember 2018